

# Fundargerð



MÝVATN

## Sveitarstjórn Skútustaðahrepps. 6. fundur.

að Hlíðavegi 6, 25. september 2006, kl. 14:00.

### DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Stjórn Heilbrigðisst. Þingeyinga kemur til fundarins.
3. Fundargerð skólanefndar frá 29. ágúst.
4. Fundargerð veitnanefndar frá 6. september.
5. Fundargerð byggingarnefndar frá 7. september.
6. Erindi frá Sýslumanni þar sem óskað er umsagnar sveitarstjórnar á leyfi til handa Páli L. Sigurjónssyni f.h. KeaHótela til endurnýjunar á hótellefvi fyrir Hótel Gíg.
7. Bréf frá Landeigendum Reykjahlíðar vegna aðalskipulagsbreytinga.
8. Slægjufundur.
9. Eignaskipgasamningur vegna Höfða.
10. Styrkbeiðni v/reykleysisnámskeiðs.

Mættir: Margrét Hólm Valsdóttir, Dagbjört Bjarnadóttir, Ingunn Guðbjörnsdóttir, Kristján Stefánsson, Böðvar Pétusson.

### 1. Fundarsetning.

Oddviti setti fund og óskaði eftir að málum 9 og 10 yrði bætt á dagskrána. Samþykkt samhljóða.

### 2. Stjórn Heilbrigðisst. Þingeyinga kemur til fundarins.

Stjórn Heilbrigðisstofnunar Þingeyinga mætti til fundarins. Farið yfir ýmis mál og m.a. byggingu nýrrar Heilsugæslustöðvar í Mývatnssveit. Nú hefur um nokkurt skeið verið heimild til byggingarinnar en verið var að bíða niðurstöðu

mögulegrar samnýtingar vegna meðferðarstöðvar við Jarðböðin. Nú er ljóst að ekki verður lengur beðið og samþykkt að hefjast handa við undirbúning byggingarinnar í Reykjahlíð.

**3. Fundargerð skólanefndar frá 29. ágúst.**

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við fundargerðina en felur sveitarstjóra að ræða við starfsmenn leikskóla um ábendingar sem fram koma í fundargerðinni.

**4. Fundargerð veitnanefndar frá 6. september.**

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdar við fundargerðina og felur sveitarstjóra að vinna að í samræmi við tillögur veitnanefndar.

**5. Fundargerð byggingarnefndar frá 7. september.**

Liður 4, þar sem óskað er eftir byggingarleyfi fyrir frístundahús í landi Bjarkar á við um Skútustaðahrepp. Sveitarstjórn hafnar afgreiðslu byggingarnefndar, en samþykkir stöðuleyfi til eins árs.

**6. Erindi frá Sýslumanni þar sem óskað er umsagnar sveitarstjórnar á leyfi til handa Páli L. Sigurjónssyni f.h. KeaHótela til endurnýjunar á hótellefni fyrir Hótel Gíg.**

Borist hefur erindi frá Sýslumanni dags. 6. september, þar sem óskað er umsagnar sveitarstjórnar á endurnýjun leyfis til handa Páli L. Sigurjónssyni f.h. KeaHótela til hótél og veitingareksturs að Hótel Gíg. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir fyrir sitt leyti að leyfið verði veitt.

**7. Bréf frá Landeigendum Reykjahlíðar vegna aðalskipulagsbreytinga.**

Borist hefur bréf dags. 31. ágúst frá Ólafi H. Jónssyni f.h. Landeigenda Reykjahlíðar, þar sem mótmælt er afgreiðslu sveitarstjórnar frá 17 ágúst vegna aðalskipulagsbreytinga í landi Grímsstaða. Í bréfinu kemur fram að skv. landamerkjaskrá Grímsstaða og Reykjahlíðar er umrætt landsvæði að stærstum hluta innan landamerkja Reykjahlíðar. Jafnframt er óskað eftir að eigendum Grímsstaða verði kynnt þessi mótmæli. Samþykkt.

**8. Slægjufundur.**

Í ár eru íbúar Voga, Geiteyjarstrandar og Kálfastrandar sem sjá eiga um slægjufund. Sveitarstjórn samþykkir að Gunnhildur Stefánsdóttir verði formaður slægjunefndar.

**9. Eignaskiptasamningur vegna Höfða.**

Sveitarstjórn samþykkir að láta gera eignaskiptasamning vegna Höfða og felur sveitarstjóra að vinna að framgangi málsins.

**10. Styrkbeiðni v/reykleysisnámskeiðs.**

Borist hefur erindi frá Dagbjörtu Bjarnadóttur þar sem óskað er eftir stuðningi sveitarfélagsins við reykleysisnámskeið sem fyrirhugað er að halda 26 – 29 október. Samþykkt að styrkja verkefnið sem nemur ókeypis nýtingu og aðstöðu í Íþróttamiðstöð.

Dagbjört tók ekki þátt í afgreiðslu málsins.

Fleira ekki gert.  
Fundi slitið.  
Margrét Hólm Valsdóttir,  
Dagbjört Bjarnadóttir,  
Ingunn Guðbjörnsdóttir,  
Kristján Stefánsson,  
Böðvar Pétusson.